

7. fundur 2012, 18. júlí. Aðalmenn mættu nema Sigurður Hreinsson boðaði forföll vegna anna og hugsanlegs vanhæfis. Svanur mætti í hans stað.

1. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar lögð fram. Fundargerðin samþykkt.
 2. Aðalskipulagið. Oddviti fór yfir stöðuna í aðalskipulagsferlinu. Hann gerði grein fyrir bréfi sem Skipulagsstofnun sendi hreppnum og í hvaða ferli þessi mál eru.
 3. Bréf eftirlitsnefndar sveitarfélaga lagt fram til kynningar.
 4. Styrkbeiðni Smalahundafélagsins. Samþykkt að veita verkefninu 20.000 kr.
 5. Bréf vegna rannsóknar á eyðibýlum. Samþykkt að bjóða þeim gistaðstöðu á Breiðabliki.
 6. Fundargerðir fræðslu- og skólanefndar lagðar fram til kynningar.
 7. Kosning oddvita og varaoddvita til loka kjörtímabils. Oddviti. Guðbjartur III auðir II. Varaoddviti. Halldór III, Hrefna I, auður I.
 8. Önnur mál. Frárennismál frá Félagsbúinu Miðhrauni II. Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps fer fram á að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands geri úttekt á frárennismálum Félagsbúsins á Miðhrauni II. Jafnframt verði kannað í samstarfi Fiskistofu/Veiðimálastofnun hvaða árif starfsemi félagsbúsins á Miðhrauni II hefur á vatnakerfi Fáskrúðar, Grímsár og Straumfjarðarár.
- Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps krefst þess að úttektin fari fram nú þegar enda hefur hreppsnefndin rökstuddan grun um að þessi mál séu ekki í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Við þessu þarf að bregðast nú þegar.

Bréf frá Umhverfisstofnun lagt fram til kynningar er varðar framkvæmdaleyfi um efnistöku.